

Umsögn um eitt leyfisbréf kennara fyrir öll skólastig.

Eitt leyfisbréf fyrir kennara á öllum skólastigum er að mínu mati óhæf hugmynd. Ástæðurnar eru margar en sú sem ég ætla að reifa hér er byggð á langri reynslu minni af kennslu í framhaldsskóla.

1. Framhaldsskólinn er fyrst og síðast faggreinaskóli þar sem nemendur þurfa að tileinka sér þekkingu. Það er því skilyrði að kennarinn hafi sérþekkingu á viðkomandi fagi. Sem gamall eðlisfræðikennari sé ég ekki að leikskólakennari eigi nokkurt erindi í eðlisfræðistofuna. Sérhæfing er ekki skammaryrði heldur lýsing á því ástandi að nemandinn þurfi að fá kennslu og verkefni sem sérfræðingur í faggreininni er einn fær um að veita. Ef það sem ég segi hér á undan er ekki rétt túlkun á lagatillögunni þá er eitt leyfisbréf einfaldlega bara hjóm og merkingarlaust. Kennari í framhaldsskóla er sérfræðingur í kennslugrein sinni en það er leikskólakennarinn ekki.
2. Verkgreinar sem kenndar eru til sveinsprófs í framhaldsskólum verða aðeins kenndar af iðnmeisturum eða öðrum sérfræðingum í því sem krafist er í þeim iðngreinum sem verið er að útskrifa nemendur í. Þetta á líka við um til dæmis sjúkraliðanám.

Ein afleiðing þess að gefa út eitt leyfisbréf verður að leikskólakennari gæti orðið skólameistari framhaldsskóla. Reynsla frá Svíþjóð segir að þetta sé afar óheppilegt.

Það þarf líka að hafa í huga að það eru sveitarfélögin sem hafa leikskólann og grunnskólann en ríkið rekur framhaldsskólana. Það eru því mismunandi kjarasamningar og fleira sem verður að taka tillit til.

Það gengur nú þegar illa að manna stöður raungreinakennara og stærðfræðikennara á öllum skólastigunum og þá ekki síst í framhaldsskólanum með kennurum með næga menntun í þeim greinum sem þeir eiga að kenna. Það má búast við að sú þróun halda áfram að kennarar með aðra menntun fari að kenna þessar greinar í enn meira mæli ef aðeins væri eitt leyfisbréf. Átak í menntamálum verður að auka líkur á að nemendur velji að læra raunvísindi og tæknigreinar. Það er ekki líklegt að eitt leyfisbréf hjálpi við þessa viðleitni.

Annað atriði sem ég tel vera hugsanavillu er sú skoðun að nemendur hafi gott af einsleitum skóla frá 1. ári til þess 19. Nemendur gætu allt eins lokast inni í kerfi sem hentar þeirra þroskaferli illa og hætta væri á að sá þroski sem næst við breytingu á umhverfi glatist. Breytingin á formi skólans getur líka hjálpað nemendum að losna úr klíkum og vondum vana.

Brynjólfur Eyjólfsson

Eðlisfræðingur og framhaldsskólakennari

29 ára kennslureynsla í MA

6 ára reynsla í jarðeðlisfræðirannsóknnum og kennslu við Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna.